

# Lög

## um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

### I. KAFLI

#### Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabíla á árinu 2012 vera sem hér segir:

1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skíla eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skíla eigi síðar en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabíla á árinu 2012 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skíla eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skíla eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabíla á árinu 2012, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabíls, þótt einungis hluta

af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. mars 2012.*